



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**123. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 12. janúar 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Almennavarnir höfuðborgarsvæðisins - 2202004

Fulltrúar frá Almennavörnum kynna helstu verkefni sem standi yfir hjá stofnuninni og varða hagsmuni höfuðborgarsvæðisins. Heimsóknin er hluti af starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022 - 2026.

Gestir

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almennavarna höfuðborgarsvæðisins -
Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almennavarnanefndarinnar -

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fulltrúum Almennavarna fyrir kynninguna og áréttar nauðsyn þess að vinna við áhættumat fyrir höfuðborgarsvæðið ljúki sem fyrst. Þá óskar nefndin eftir að fá áhættumat til kynningar og umsagnar þegar hún liggur fyrir.

2. Mosfellsbær - Blikastaðaland 1. Áfangi - deiliskipulag - skipulagslýsing - 2312004

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Mosfellsbæ úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 1. desember 2023 varðandi ofangreint. Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar mun kynna mæta á fundinn undir þessum lið og kynna skipulagslýsingu. Þá er fyrirliggjandi til samþykktar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 8. janúar 2024.

Gestir

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar -
Samþykkt

3. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2023-2040 - Endurskoðun - skipulagslýsing -



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2312001

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Hafnarfirði úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 1. desember 2023 varðandi ofangreint. Þá er fyrirliggjandi til samþykktar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 8. janúar 2024.

Samþykkt

4. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga svæðisskipulagsstjóra að fundardagskrá svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2024.

Samþykkt með breytingum sem ræddar voru undir þessum lið.

5. Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - útgáfuhóf - 2005005

Tilkynnt um að útgáfuhóf hjá Skipulagsstofnun fimmtudaginn 25. janúar klukkan 15:00.

6. KÓP Brú yfir Fossvog - breyting á deiliskipulagi 2023 - 2308001

Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 2. janúar 2024 þar sem tilkynnt er um niðurstöður að loknu kynningarferli vegna ofangreinds.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.